

# FRÉTTABRÉF FÁSES

BUILDING  
BRIDGES

EURO  vision

SONG CONTEST  
VIENNA 2015

OGAE ICELAND  
2015

# Syngdu Eurovision karaoke

## í Sjónvarpi Símans



### Vorum að bæta við nýjum Eurovision lögum.

Í Sjónvarpi Símans finnur þú tugi innlendra og erlendra smella í karaoke útgáfu, allt frá Waterloo til Euphoria og frá Gledibankanum til Ég á líf. Láttu þína rödd heyrast hátt og skýrt með Sjónvarpi Símans. Mundu svo að nota bláa takkann á fjarstýringunni til að fylgjast með tístinu á Twitter í háskerpu!

Þú getur meira með Sjónvarpi Símans

[siminn.is/sjonvarp](http://siminn.is/sjonvarp)



Kæru félagar,

Í höndunum hafið þið nú fjórða eintakið af fréttabréfi FÁSES. Það þýðir jú bara eitt, það styttist í hátíðina sem markar endapunktinn á fjórða starfsári félagsins.

Félagið okkar heldur áfram að stækka og dafna. Dagskrá ársins 2014 var þétt þar sem nýir viðburðir litu dagsins ljós innan um aðra sem hafa fest sig í sessi. Hápunkturinn var auðvitað keppnin sjálf en aldrei hafa fleiri FÁSES-félagar sótt Eurovision-keppnina en í Kaupmannahöfn í fyrra. FÁSES liðsinnti 57 félögum við að láta drauminn rætast og fylgjast með keppninni úr salnum. Í Eurovision-vikunni 2014 bauð FÁSES upp á tvo viðburði; annars vegar hið árlega upphitunarpátý á þátttökudegi Íslands sem er ávallt vel sótt og mikil stemming en hins vegar stóð Flosi fyrir zúmbatíma í Eurovision-þorpinu í miðborginni. Þar söfnuðust saman harðir Eurovision-aðdáendur í bland við vegfarendur sem hoppuðu og skoppuðu við öll vinsælustu Eurovision-lögin. Af föstum liðum á starfsárinu má nefna Barsvar, fyrirpátý fyrir úrslitin í Söngvakeppni Sjónvarpsins og Júró-Stíklurnar sem voru nú haldnar í annað sinn fyrir pakkfullum Stúdentakjallara. Af nýjungum er vert að nefna hið velheppnaða kárióki-kvöld FÁSES sem var haldið í kjölfar Melodifestivalen-áhorfsins í mars. Þar steig hver félaginn á fætur öðrum á stökk og sýndi söng-, og oft á tíðum, einnig tungumálhæfileika sína.

Þrátt fyrir að starfsemi FÁSES sé nær eingöngu bundin við Ísland og höfuðborgarsvæðið eru félagar FÁSES þó búsettir um allt landið og fyrir utan landsteinanna eigum við dyggan félagahóp sem hefur einlægan áhuga á Íslandi í Eurovision og er til í að vaða eld og brennistein fyrir íslensku framlögin. Hér fer á eftir umfjöllun um innviði félagsins okkar sem okkur fannst skemmtilegt að varpa ljósi á nú þegar félagið hefur slitið barnsskónum.

Erlendu félagarnir okkar eiga sinn þátt í þessu fréttabréfi því að þeir eru „virkir“ í athugasemdunum okkar um hvert og eitt framlag, en auk þess höfum við fengið þekktu einstaklinga til að dæma fyrir okkur framlögin.

Hvar sem þið eruð niðurkomin í heiminum, gleðilega hátíð og megi Eurovision-alsælan fylgja ykkur langt fram á næsta starfsár FÁSES, við hlökkum til!





# ÉG HEF KYSST MARIÚ


100 ÁRA AFMÆLI *Coca-Cola* FLÖSKUNNAR





# Fólkið í FÁSES

Líkt og ástín þá spyr Eurovision ekki um aldur, kyn eða þjóðerni, né nokkuð annað. FÁSES gerir það ekki heldur enda er það fjölbreyttur hópur sem stendur á bakvið félagið en sameinast í óbilandi áhuga á Íslandi í Eurovision. Hér eru nokkrar staðreyndir um félagið FÁSES.



Konur: 67% Karlar: 33%

## Aldursdreifing:




Algengasta fæðingarár FÁSES-meðlima er 1980, árið sem Johnny Logan vann með *What's another year?*



## Fyrir utan Evrópukortið:

USA: 1 Kanada: 2 Ástralía: 1 Ísrael: 1





Austurstræti 18  
Skólavörðungstíg  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is



# SÖNGVAKEPPNI SJÓNVARPSINS 2015

Alls tóku tólf lög þátt í Söngvakeppninni í ár – tveimur lögum meira en í fyrra og voru þau valin úr alls 258 innsendum lögum. Líkt og síðast var lögnum skipt niður í tvær forkeppnir þar sem þrjú lög komust áfram úr hvorri. Keppnin var aftur haldin í Háskólabíói en að þessu sinni var það þó ekki bara úrslitakeppnin sem var haldin þar heldur líka forkeppnirnar og allt var þetta í beinni útsendingu, sem var einnig breyting frá fyrra ári. Þær Ragnhildur Steinunn og Gunna Dís mættu aftur til leiks sem kynnar en fengu þó liðsauka í Sölu Sól sem fékk áhorfendur meðal annars til að brosa þegar hún uppljóstraði óvart um fyrirkomulag sérstaks dómaravals í lokakeppni, þar sem dómnefndin fékk tækifæri til að velja inn eitt lag sem ekki hafði komist upp úr forkeppni. Að öðru leyti var það hrein símakosning sem skar úr um það hvaða lög komust áfram úr forkeppnunum. Í fyrri forkeppninni þann 31. janúar var það Friðrik Dór sem fékk flest atkvæði með lagið í síðasta skipti. Fast á hæla honum kom Elín Sif með lagið í kvöld en einungis munaði 73 atkvæðum á

þeim tveimur. Í þriðja sæti voru svo Björn Jörundur og félagar með lagið Pilt og stúlka.

Í síðari forkeppninni þann 7. febrúar var það svo María Ólafsdóttir sem fékk flest atkvæði með lagið Lítil skref og hún var örugg í sínu sæti með 1.500 atkvæðum meira en Cadem sem lentu í öðru sæti með lagið Fyrir alla. Í þriðja sæti lentu svo Sunday með lagið Fjaðrir en það var Haukur Heiðar sem komst áfram á vali sérstakrar dómnefndar með lagið Milljón augnablik.

Lokakeppnin fór fram 14. febrúar. Tvær umferðir voru í úrslitunum og var fyrirkomulagið þannig að atkvæði dómnefndar giltu jafnt á móti símakosningu í fyrri umferð. Þau tvö lög sem voru efst eftir fyrstu umferð komust áfram í aðra umferð þar sem hrein símakosning skar úr um hvort lagið bæri sigur af hölmí. Sú breyting var gerð á úrslitakeppninni að höfundum var í sjálfvald sett á hvaða tungumáli lagið yrði flutt en lagið sem sigraði yrði þá að vera flutt á því tungumáli í Eurovision. Lögin þurftu þó öll að vera flutt á íslensku í forkeppnunum og því höfðu mörg laganna

fengið nýjan titil á úrslitakvöldinu. Dómnefnd skipaðu Einar Bárðarson, Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, Sigríður Thorlacius, Stefán Hilmarsson og Valdimar Guðmundsson. Eftir fyrstu umferð var tilkynnt að lögin Unbroken í flutningi Maríu Ólafsdóttur og Once Again í flutningi Friðriks Dórs hefðu komist áfram í aðra umferð. Sú staða var sérstök að því leyti að sömu höfundur voru að lögnum tveimur og var það því þegar ljóst að höfundateymið StopWaitGo hefði borð sigur úr bítum. Í fyrstu umferð hafði Friðrik Dór lent í fyrsta sæti og María í öðru en þessar upplýsingar voru þó ekki gefnar upp á þessum tímamarki. Þá hafði Friðrik lent í fyrsta sæti bæði hjá dómnefnd og kjósendum en María hafði hins vegar lent í öðru sæti í símakosningu en í því fjórða hjá dómnefnd. Lögin tvö voru svo flutt einnu sinni enn og að því loknu urðu úrslitin ljós. Að þessu sinni var það María sem hafði betur og vann sannfærandi sigur með tæplega 15.000 atkvæða mun. Friðrik Dór fer þó einnig fara til Vínar og syngur bakraddir Maríu.

## Fyrri forkeppni, 31. janúar 2015:

1. *Myrkrið hljótt* (4. sæti)  
Erna Hrönn Ólafsdóttir
2. *Þú leitar líka að mér* (5. sæti)  
Hinemoa
3. *Í kvöld* (2. sæti)  
Elín Sif Halldórsdóttir
4. *Í síðasta skipti* (1. sæti)  
Friðrik Dór
5. *Augnablik* (6. sæti)  
Stefaníu Svavarsdóttir
6. *Piltur & stúlka* (3. sæti)  
Björn og félagar

## Seinni forkeppni, 7. febrúar 2015:

1. *Milljón augnablik* (4. sæti)  
Haukur Heiðar Hauksson
2. *Lítill skref* (1. sæti)  
María Ólafsdóttir
3. *Fjaðrir* (3. sæti)  
Sunday
4. *Aldrei of seint* (6. sæti)  
Regína Ósk
5. *Brotið gler* (5. sæti)  
Bjarni Lárus Hall
6. *Fyrir alla* (2. sæti)  
CADEM

## Úrslitakeppni, 14. febrúar 2015:

### Fyrri umferð:

1. *Fly* - CADEM (6. sæti)
2. *Feathers* - Sunday (5. sæti)
3. *Piltur & stúlka* - Björn & félagar (4)
4. *Unbroken* - María Ólafs (2. sæti)
5. *Dance Slow* - Elín Sif (3. sæti)
6. *Once Again* - Friðrik Dór (1. sæti)
7. *Milljón augnablik* - Haukur H. (7)

### Önnur umferð:

1. *Unbroken* (1. sæti)
2. *Once Again* (2. sæti)



**HAMINGJAN *er* EINFÖLD**

# SLÆR FÁSES-HJARTAD Í TAKT VIÐ EVRÓPU?

Ár hvert framkvæma OGAE International samtökin kosningu um hvaða lag aðildarklúbbarinn telja sigurstranglest í keppninni. FÁSES tekur að sálfsögðu þátt en spurningin er: eru FÁSES-meðlimir sannspáir?

Sé rýnt í spá FÁSES frá því í fyrra má sjá að sex þeirra laga sem lentu í topp 10 voru þar með samþykki FÁSES ef svo má að orði komast. Þá hittu FÁSES-liðar naglann beint á höfuðið í tilvikum Armeníu og spáðu Aram Mp3 hárréttu sæti. Þau þrjú neðstu í topp 10 spánni voru þó fjarri góðu gamni á raunverulega topp 10 listanum. Þá má reikna með að nokkrir FÁSES-meðlimir hafi orðið fyrir töluverðum vonbrigðum með Svartfjallaland sem hafnaði 14 sætum neðar en í spánni.

Spá FÁSES í fyrra:

1. Svíþjóð: Undo (endaði í 2. sæti)
2. Ungverjaland: Running (endaði í 5. sæti)
3. Noregur: Silent Storm (endaði í 8. sæti)
4. Armenía: Not Alone (endaði í 4. sæti)
5. Svartfjallaland: Moj Svijet (endaði í 19. sæti)
6. Holland: Calm after the Storm (endaði í 2. sæti)
7. Austurríki: Rise Like a Phoenix (endaði í 1. sæti)
8. Ísrael: Same Heart (komst ekki í úrslit)
9. Bretland: Children of the Universe (endaði í 17. sæti)
10. Ítalía: La mia citta (endaði í 21. sæti)

Spá FÁSES fyrir árið í ár:

1. Ítalía: Grande Amore
2. Noregur: Monster Like Me
3. Ástralía: Tonight Again
4. Eistland: Goodbye to Yesterday
5. Svíþjóð: Heroes
6. Ísrael: Golden Boy
7. Belgía: Rhythm Inside
8. Slóvenía: Here for You
9. Aserbaidsjan: Hour of the Wolf
10. Makedónía: Autumn Leaves

## Við erum allstaðar...



...á [www.fases.is](http://www.fases.is) færðu Eurovision beint í æð og í kaupbæti færðu upplýsingar um allt sem tengist félagsstarfi FÁSES!



...á Facebook finnurðu okkur undir nafninu FÁSES - OGAE Iceland. Taktu þátt í umræðunni!



...á [www.youtube.com/ogaeiceland](http://www.youtube.com/ogaeiceland) má má finna playlistann okkar sem inniheldur öll framlög ársins.



...á Twitter heitum við IS\_Eurovision. Við mælum með myllumerkjunum: #faseshkartad, #ogaeiceland og #12stig.

## MISSTU EKKI AF NEINU MEÐ FÁSES.IS

Hvort sem þú ætlar til Vínar eða að njóta heima þá hefur FÁSES.is að geyma allar þær mikilvægu og ómikilvægu upplýsingar sem þú vilt fá á Eurovision-vertíðinni. Fulltrúar FÁSES á staðnum munu sem áður fyrr flytja lesendum allt hið eldheita slúður úr blaðamannahöllinni og veita sem besta innsýn inn í líf aðdáenda á staðnum. Kíktu við á hverjum degi fyrir þinn skammt af Eurovision og vertu með í stefnumingunni sem aldrei fyrr.

## I'm Alive

I was too afraid  
right from the start  
To even let you,  
welcome you in my heart  
You cut it deep and left it  
bleeding hard  
Will i ever heal these painful  
scars?

I just can't help it  
I'm out of breath, I'm try and  
find the words to say  
Time pass' by  
Now its broad daylight

I know you'll come  
With the speed of light  
You're my everything,  
all that I need.  
You shut down my dreams  
But I'm not gonna cry  
You live within me, that's why  
I'm alive, I am alive  
Cuz you are my life,  
You are my sun,  
I am alive, cuz you are my life.

Your name is printed crystal  
clear on glass..  
From all the sighs, coming  
out' my breath  
I'm blinded by,  
This love can't stop screaming  
out your name so loud  
Where are you at?  
Baby won't you come back?

(Viðlag endurtekið)



**Titill: I'm Alive**

**Flytjandi: Elhaida Dani**

**Lag/texti: Zzap'n'Chris/Sokol Marsi**

Elhaida Dani (22) sigraði með lagið *Diell* í úrslitakeppninni í Albaníu, Festivali i Këngës. Þegar einungis mánuður var til stefnu að skila inn framlagi í Eurovision var lagið þó dregið til baka og lagið *I'm alive* valið þess í stað. Elhaida hefur einnig haslað sér völl á ítalskri grundu þar sem albönsk tónlist og menning blómstrar. Þetta er í 12. sinn sem Albanía tekur þátt og besti árangurinn er 5. sætið árið 2012. Elhaidu býður mikið verkefni þar sem Albönum hefur ekki tekist að komast í aðalkeppnina undanfarin tvö ár.

*-Mér finnst þetta mjög svona feel good lag. Hef samt smá áhyggjur af því að ef atriðið er ekki spennandi þá muni ég nýta tækifæri og taka klósettpásu. En lagið er sungið mjög vel og ég tel líklegt að það fari uppúr sínum riðli. Mér fannst samt Ágústa Eva gera þetta mun betur í Eurovísi.*

*(Erna Hrud, bloggari á Trendnet)*



## Face The Shadow

We find so many ways  
fooling our heart  
Playing too many games  
trying to hide  
When you follow a dream,  
surrender the sorrow inside  
Face every shadow  
you denied

Feels like so many times  
life was unfair  
Will you run and forget  
all the despair?  
If it's breaking you down,  
remember the power inside  
Face every shadow  
you denied

Time is ticking and you keep  
thinking that you are tricking  
your heart, so

Don't deny  
Ever don't deny  
Baby don't deny  
You and I

Cross the ocean of blues,  
happy you'll be  
once you've risen you are  
meant to be free  
When you're feeling afraid  
remember there's hope inside

Face every shadow purified

Time is ticking and you keep  
thinking that you are tricking  
your heart,so

(Viðlag endurtekið tvisvar)



**Titill: Face The Shadow**

**Flytjandi: Geneology**

**Lag/texti: Armen Martirosyan/Inna Mkrtchyan**

Ást og friður í heiminum eru algeng hugðarefni lagahöfunda. Söngsveitin Geneology var stofnuð til þess að vera fulltrúar landsins í Eurovision og meðlimirnir sex koma hver úr sinni heimsálfunni en eiga ættir að rekja til Armeníu auk eins Armena sem búsett er í heimalandinu. Hana kannast aðdáendur við sem Ingu, aðra systurina úr dúóinu Inga og Anush Arshakyan (JanJan 2009). Bakgrunnurinn er mikilvægur því að í ár er öld liðin frá Þjóðarhreisnunum Ottómanveldisins í Armeníu á árunum 1915-1917 og var fjöldi Armena hraktir úr heimalandinu. Í dag neita Tyrkir að viðurkenna að þessir atburðir hafi átt sér stað og þeir banna umtal um þá með lögum. Armenar urðu að breyta lagatitlinum úr "Don't Deny" sem þótti víst of pólitískur í *Face The Shadow*. Þeir segja lagið ekki pólitískt, heldur um frið, ást og samhug.

*-Mér finnst lagið svoldið út um allt, versin svolítið teiknimyndaleg... en rosalegur söngur. Eurovision hefur betur upp á að bjóða en þetta.  
(Tinna Marína, söngkona, tók meðal annars þátt í Laugardagslöggunum árið 2008)*

## Hour Of The Wolf

I hold my breath,  
I'm on the edge  
Storming hills,  
I've been lost and found  
I hope they're coming,  
I can hear them running

I once met peace,  
he said that he  
soon would have  
the answers to this hurt  
And my mind was made up,  
I would never give up

No I won't sleep tonight  
If tomorrow comes  
I'll lose my mind  
I won't give up my right, I  
know every heart  
deserves a fight  
I will beat on the drum,  
rise above with me  
I will go till I'm numb,  
rise above with me  
No I won't sleep tonight

They whine and roar,  
hungry for more  
Yellow glowing eyes,  
I'm hypnotised  
I feel brave yet scared,  
but I'll stay prepared

Oh have my soul, it's destined  
It's written in the sky  
Let me not be  
blinded by this hurt  
Set him loose I'm ready  
For the stars to guide me

(Viðlag endurtekið tvisvar)



## Aserbaídsjan

**Titill:** Hour Of The Wolf

**Flytjandi:** Elnur Huseynov

**Lag/texti:** Rebscher, Lif, Hansson/ Bjurman,  
Rebscher, Lif, Hansson

Ballöður eru ríkjandi í ár en framlag Aserbaídsjan í ár er einhvers konar kraftballaða. Aserbaídsjan hefur átt nokkuð undraverðum árangri að fagna í keppninni frá upphafi en það var einmitt keppandi ársins í ár, Elnur, sem var fyrsti keppandi landsins í Eurovision árið 2008. Þar keppti hann ásamt félagamönnum sínum Samir og enduðu þeir í 8. sæti. Síðan þá hefur Aserum tekist að lenda í fyrsta, öðru, þriðja, fjórða og fimmta sæti og því kom það sem reiðarslag þegar þeir hröpuðu niður í 22. sæti í keppninni í fyrra. Elnur nýtur ekki einungis vinsælda í heimalandinu því hann sigraði nýlega keppnina The Voice í nágrennalandinu Tyrklandi. Líkt og svo oft áður veðja Aserar nú á sænska lagahöfundum en þeir hafa aðeins einu sinni sent lag sem er að fullu samði af aserskum höfundum. Það var einmitt árið 2008, síðast þegar Elnur keppti.

*-Meinlaust popplag. Full tíðinda- og rislitið fyrir minn smekk og lagið fremur óeftirminnilegt. En þetta er allt ósköp áferðarfalllegt, bæði flytjandi og flutningur og á eflaust eftir að raka að sér stigum. Við skulum allavega reikna með 12 stigum frá Rússlandi, Úkraínu og Georgíu. (Sævar Sigurgeirsson í Ljótu Hálfvitunum)*

## I Am Yours

Anytime that you're  
thinking of me  
That you might want me  
I'll come on over  
Don't you know  
Anytime, anyplace  
I am yours

You're a lesson  
that I love learning  
So any time that you've  
got a yearning  
Don't you know  
Anytime, anyplace  
I am yours

You're what I belong to  
The one thing that feels true  
Everything I could ever want  
If you ever need me  
I'm waiting on you  
To walk right  
through that door  
Anytime, anyplace  
I am yours

If you're hoping  
for second chances of  
Stolen kisses I got the answer  
Don't you know  
Anytime, anyplace  
I am yours

(Viðlag x2)

Anytime, anyplace  
I am yours



**Titill: I Am Yours**

**Flytjandi: The Makemakes**

**Lag/texti: Jimmy Harry, Dominic Muhrer,  
Florian Meindl, Markus Christ, Paul Estrela**

Eins og allir vita snerist lukkan Austurríki loksins í vil þegar Conchita vann og hífði landið upp úr tíu ára erfiðu Eurovision-tímabili þar sem Austurríkismenn annað hvort ráku lestina, komust ekki í aðalkeppnina eða hreinlega tóku ekki þátt. Hljómsveitin The Makemakers, sem var stofnuð árið 2012, vann undankeppnina í Austurríki í ár og fær það erfiða verkefni að fylgja eftir árangri Conchitu. Þeir njóta þó góðrar hjálpar því meðhöfundur strákanna að laginu, og framleiðandi lagsins, Jimmy Harry, er hokinn af reynslu og hefur samið og framleitt lög fyrir margar af skærustu stjörnum allra tíma. Þeirra stærstar eru líklega Madonna, Britney Spears og Kylie Minogue en einnig má nefna Pink, Weezer, Kelly Clarkson, Santana og svo mætti reynðar lengi telja.

*-I really like the Austrian entry this year. It is very catchy and is a nice contrast with Conchita's winner.*

*(Kevin Nolan, meðlimur í FÁSES)*

## Tonight Again

Oh Everyone's got  
their problems  
There's always something  
on your mind  
Oh but tonight  
we aint gotta solve them  
For now let's leave them  
all behind

Do whatchya whatchya  
whatchya want  
Do whatchya whatchya  
whatchya want  
Do whatchya whatchya  
whatchya want  
Oh get on it  
Ooh get on it

I don't want tomorrow  
Oh baby tonight's so good  
Tonight's so good  
This is one tough act to follow  
Oh baby tonight's so good  
Forget tomorrow  
We can do tonight again

Oh! Some people might call  
ya crazy  
They say we only live for fun  
Ooh They may be right but  
only maybe  
But I can guarantee what we  
got is what they want

(Viðlag endurtekið)



**Titill: Tonight Again**

**Flytjandi: Guy Sebastian**

**Lag/texti: Guy Sebastian, David Ryan Harris,  
Louis Schoorl**

Það er þínu súrrealískt að fjalla um Eurovision, söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva — og framlag frá Ástralíu! Áströllum er boðið að taka þátt í ár vegna 60 ára afmælis keppinnar og mikils áhuga heima fyrir. Þeir sýna metnað og keppninni þá virðingu að senda verðugan fulltrúa, Guy Sebastian, sem hefur marga fjöruna sopið. Lagið er Gleðibankinn þeirra, Tonight again - þeir vilja vinna og fá að taka þátt að ári ef þeir vinna. En ef það gerist verður keppnin þó haldin í Evrópu. Þetta er þó langt í frá í fyrsta sinn sem ástralskur einstaklingur stígur á svið í Eurovision en sjálfur konungur Eurovision, Johnny Logan, er upprunalega frá Ástralíu þótt írskur sé í dag. Þá keppti ástralska poppsöngkona Olivia Newton-John fyrir hönd Bretlands árið 1974 líkt og hin ógleymanlega Gina G árið 1996. Þá er söngkona Texas Lightning sem keppti fyrir Þýskaland árið 2006 einnig áströlsk.

*-Mér finnst lag Ástrala þrælskemmtilegt! Þetta er mikið feel-good lag og Guy Sebastian er með mjög þægilega og flotta rödd! Það verður gaman að sjá hann gera allar þessar slaufur og dúllerí live! Ég hlakka til að sjá hvernig atriðið þeirra verður. (Íris Hólm, bakraddasöngkona fyrir Ísland í Eurovision í ár)*



## Rythm Inside

Listen to the  
sound of thunder  
Rolling in the soul  
down under  
Far beneath the skin,  
it rumbles  
Step to the step  
of the drum that rolls inside  
Be you enemy or lover  
We are put here to discover  
The heart that beats  
within each other  
We gonna rappabab tonight

And if we die , tomorrow  
What'll we have to show  
For the wicked ways  
Down below  
The rhythm inside is telling us  
We can fly tomorrow  
On the beautiful  
wind that blows  
On a cosmic track, love attack  
I'm gonna get that  
rhythm back

Be you enemy or brother  
We were put here to discover  
The heart that beats  
within each other  
We're gonna rompanpan ...

And if we die, tomorrow  
What'll we have to show  
For the wicked ways  
Down below  
The rhythm inside is telling us  
We can fly tomorrow  
On the beautiful  
wind that blows  
On a cosmic track, love attack  
I'm gonna get that rhythm  
back



**Titill: Rythm Inside**

**Flytjandi: Loïc Nottet**

**Lag/texti: Loïc Nottet, Luuk Cox, Shameboy**

Seint verður samið lag sem ekki líkist að einhverju leyti öðru lagi. Byrjunartónar og allur taktur í þessu lagi þykja líkjast „Royals“-laginu sem hin unga Lorde flutti og setti á topp lagalista víða um heim. Sem er kannski ekki undarlegt þar sem pródúsent hins unga Loïc Nottet er sá sami og Lorde. Loïc varð annar í belgísku útgáfunni af The Voice Belgique árið 2014 og eru bundnar miklar vonir við hann í ár. Hann var valinn í innbyrðis vali af belgíska ríkisfjölmiðlinum RTBF. Besti árangur Belga er auðvitað hinn frægi sigur árið 1986, þegar Ísland tók fyrst þátt. Belgar hafa einungis tvisvar komist upp úr forkeppni frá því að þær voru teknar í gagnað, ef frá er talið árið 2004, þegar fyrsta forkeppnin var haldin, því þá komust þeir í aðakeppnina á grundvelli góðs gengis árið á undan. Þá höfðu þeir lent í 2. sæti með lagið Sanomi en besta árangur þeirra síðan þá er 6. sætið árið 2010 í boði Tom Dice og gítarsins hans.

*-Óhefðbundið Eurovision lag, ekki með þessa grípandi og elsk-hötuðu dramavæmni sem einkennir svo mörg lög. Lágstemmt og cool og er ögn í sömu deild og Sattelite sem vann með 2010. Finnst lagið ekki ná til margra, það er of kalt og lengi í gang. Fær eflaust ágæta útlarpsspilun því lagið er með grípandi hook „We gonna ra-pa-pab...“ Galli að nafnið á laginu vísar ekki í þennan grípandi hook. Spái laginu rétt neðan við miðju. (Hallgrímur Óskarsson, höfundur framlags Íslands í Eurovision 2003)*

## Still In Love With You

Well, don't get on the wrong train  
Don't fly in an old plane  
Don't go out in the pouring rain  
You might get wet I'd be upset  
You're bound to get sneezes  
Or nasty diseases  
Take good care when I'm not there  
I'm still in love with you

While I'm on vacation  
You be a good patient  
Take your medication  
I worry so each time I go  
Try to keep warm, dear  
In case there's a storm, dear  
Take good care while I'm not there  
I'm still in love with you

Some younger guys with roving eyes may  
tantalise you with their lies  
You must be wise and realise, leave well  
alone till you get home, dear

Won't see other fellas,  
don't wanna make you jealous  
No need to fear when you're not here,  
I'm still in love with you

Don't walk on the red light  
Don't stay out at midnight  
Don't get in a fist fight, that pretty face  
can't be replaced...

Won't be out at night, hon  
It wouldn't be right hon  
No need to fear when you're not here, I'm  
still in love with you

Don't make a fuss, you need to trust me  
This is how it always must be  
When I stop to think of us, I can assure  
you, I adore you

Because you're so gorgeous  
You need to be cautious  
Take good care when I'm not there, I'm  
still in love with you

You have a fun time,  
And soak up that sunshine  
But don't drink too much wine,  
Just one or two will have to do  
I know what you're thinking  
So I won't be drinking  
No need to fear when you're not here, I'm  
still in love with you

I'm still in love with you,  
I'm still in love with you.



**Titill: Still In Love With You**

**Flytjandi: Electro Velvet**

**Lag/texti: David Mindel & Adrian Bax White**

Eftir síðasta sigur Breta árið 1997 hefur árangur þeirra á stóra sviðinu í Eurovision alls ekki verið nógu góður. Þegar kemur að vali á framlög í keppnina er ljóst að Bretar binda bagga sína ekki sömu hnútum og aðrir. Einhver hinna bresku blaðamanna hafði þetta að segja um framlagið þeirra í ár: „Það er eins og skilaboðin í ár séu: Við höfum reynt allt og mistekist, svo að hérna kemur eitthvað sem hljómar eins og ragtime/20's slagari með milljón tannlæknaborum í takt. Vonandi kafnið þið á þessu!“ Hvort það sé satt og rétt skal liggja á milli hluta en Bretar hafa þó reynt að tefla fram ungstirnum, gömlum popphundum og öllu þar á milli. Ekki virðist það skila miklu því að þeir hafa einungis tvisvar sinnum frá aldamótum komist í topp 5, 3. sæti árið 2002 og 5. sætið árið 2009.

*- Lagið minnir mig á Tomma og Jenna. Hún á leiðinni í frí og má ekki njóta sín og hann að bíða heima vafinn í bómul. Þau treysta ekki hvor öðru en elska hvort annað. Hann er greinilega frústreraður á ástandinu og springur á óskiljanlegu scatti. Úff, ég spái neðstu 5 sætum.*

*(Hafsteinn Þórólfsson, flytjandi lagsins Þú tryllir mig í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2007)*

## The Way You Are

Summer's here, winter's gone  
Finally I can see the sun  
Every time you walk  
Into the room  
All my fears disappear  
When I'm in your atmosphere  
I don't know what it is you do  
But you do, and I can't explain why

Its the way you are  
Its just the way that you are  
That can make my day  
Bad times go away

Its the Way you are  
Its just the Way that you are  
That Can make my Day  
Bad times go away

Like an old radio  
A song i just cant let go  
All i Got on my mind is you  
Movie stars and caviar couldn't get  
me where you are  
There's nothing I can do about it

Its the way you are  
Its just the way that you are  
That can make my day  
Bad times go away

And I'll be right there  
When you need someone  
to guide you  
Whatever it takes girl  
I will be doing it for you.

'Cause I've been acting like a fool  
I wanna take my time  
And spend it all on you.  
So girl just come and sweep my  
feet of the ground, like you do

(Viðlag x2)

Because its all about you  
Because its all about you girl  
And I'm hanging on to every single  
word you say

(Viðlag)

Its the Way you are...



**Titill: The Way You Are**

**Flytjandi: Anti Social Media**

**Lag/texti: Remeo, Chief 1**

Þrátt fyrir að strákabönd eigi ekki almennri velgengni að fagna í Eurovision dúkka þau upp öðru hvoru. Danir senda slíkt band í ár og hin unga hljómsveit Anti Social Media varð fyrir valinu. Lagahöfundurinn Remeo samdi líka framlag Dana í Eurovision árið 2012 (Should've known better með Solunu Samay) og þá lentu Danir í 23. sæti. Í undankeppninni Dansk Melodi Grand Prix í ár öttu 10 lög kappi; sjö lög voru valin úr hinum 687 lögum sem send voru inn af almenningi en þremur lögum var sérstaklega boðin þátttaka af DR.

*-Eftir að hafa hlustað á þetta lag í þrígang verður mér hugsað um að Norðurlandalöndin hafa hingað til sent frábær lög og Danir átt flott lög eins og Fly on the wings of love og I will never let you go, lög sem lifa. Þetta lag er svo sem ágætt en ekki í sama flokki og söngvarinn frekar slappur, en reyna í motown takti.  
(Einar Bragi, saxafónleikari í Stjórninni)*

## Goodbye To Yesterday

I woke up at 6 a.m.  
my eyes were closed but  
my mind was awake  
pretended I was breathing in  
a deep sleep pace

Got dressed so quietly  
I was frozen by the jingle of  
my keys at the door  
as I got outside I smiled to  
the dog

I didn't wanna wake you up  
my love was never  
gonna be enough  
so I took my things and got  
out of your way now girl

why didn't you wake me up  
I'm pretty sure i would have  
told you to stop  
lets try again  
and say goodbye  
goodbye to yesterday

why would you think like that  
yeah we fight a lot  
but in the end, you and I  
we're a perfect match

I wouldn't want it  
any other way  
but now you're gone and  
I'm all alone  
lying here naked  
and staring at the phone

(Viðlag endurtekið tvisvar)



**Titill: Goodbye To Yesterday**

**Flytjandi: Elina Borg & Stig Rästa**

**Lag/texti: Stig Rästa**

Gengi Eistlands í Eurovision er athyglisvert fyrir þær sakir að þeir hafa nær algjörlega sloppið við miðjumóðið. Þannig hafa þeir í 20 ára keppnissögu sinni nær alltaf lent annað hvort í topp 10 eða þá í 20. sæti eða neðar. Á þessu er bara ein undantekning, þegar leir lentu í 12. sæti árið 1998. Lagahöfundurinn Stig Rästa (34) flytur lagið sjálfur ásamt Elinu Born (20) og þau syngja á ensku. Þetta er í fyrsta sinn sem þau syngja saman opinberlega en áður hafði hann samið og framleitt lög fyrir Elinu. Ef einhver skyldi efast um að lagið hafi ekki fylgi að heiman, þá nægir að líta á atkvæðaskiptinguna í þriggja laga úrslitaeinvíginu í undankeppninni Eesti Laul, en þar fékk lagið 79% af um 90.000 atkvæðum. Lagið skipar sér í toppsætin í veðbönkunum fyrir keppnina og spennandi að sjá hvernig framvindan verður.

- Oh, viðlag sem festist í hausnum á manni. Takk fyrir að láta mig hlusta á þetta FÁSES-vitar! Það kæmi mér ekki á óvart ef þessu lagi gengur vel, þótt ég haldi að það sé ekki topp fimm. Alveg þínu krúttað en samt þínu væl líka og nær aldrei fullu flugi.

(Anna Pála Sverrisdóttir, fyrrum formaður Samtakanna 78)



## Aina Mun Pitää

Aina mun pitää siivota  
Aina mun pitää tiskata  
Aina mun pitää käydä  
lääkärissä  
Aina mun pitää käydä töissä

En saa mennä koneelle  
En katsoo telkkarii  
En saa edes nähdä  
mun kavereita

Aina mun pitää olla kotona  
Aina mun pitää tehdä asioita  
Aina mun pitää syödä kunnolla  
Aina mun pitää juoda kunnolla

En saa syödä karkkia  
En juoda limua  
En saa edes juoda  
alkoholia

Aina mun pitää levätä  
Aina mun pitää nukkua  
Aina mun pitää herätä  
Aina mun pitää käydä suihkussa



## Finnland

**Titill: Aina Mun Pitää**

**Flytjandi: Pertti Kurikan Nimipäivät**

**Lag/texti: Pertti Kurikan Nimipäivät**

Finnar hafa ekki alltaf riðið feitum hesti í söngvakeppninni, en þeir hafa þó verið duglegir að taka sénsa. Það gekk glimrandi vel með Lordi árið 2006 en ekki eins vel með Kristu Siegfriðs árið 2013. Í ár er það pönkbandið Pertti Kurikan Nimipäivät, stytt PKN (ísl. "afmælisdagur Pertti Kurikan", sem samanstandur af fjórum einstaklingum sem búa við fötlun. Bandið hefur starfað saman frá árinu 2009 og hefur samning við undirfyrirtæki Sony Music, Red Lounge Records. Þeir voru sigurvegarar í Uuden Musikiin Kilpailu 2015 og urðu þekktir í heimalandinu eftir heimildamyndina Pönkheilkenndið. Þeir hafa komið fram með Hr. Lordi og eru mögulega fyrsta alvöru pönksveitin til að keppa í Eurovision. Lagið „Aina mun pitää“ (ísl. "Ég verð alltaf að") hefur strax vakið mikla athygli og má geta þess að það mun vera stysta lagið í sögu söngvakeppinnar, 85 sekúndur að lengd.

- Ég horfi alltaf á Eurovision keppnina og fylgist þokkalega með undankeppninni. Uppáhaldslagið mitt verður alltaf „All Kinds of Everything“ með Dönu frá Írlandi. Það vann árið sem ég fæddist. Í ár held ég með Finnlandi. Annað er bara ekki hægt.

(Gerður Kristný, rithöfundur og ljóðskáld)

## N'oubliez Pas

Il ne me reste que des larmes  
Ces quelques notes venues  
d'autrefois  
Et le chant de nos prières  
Nos cœurs qui espèrent  
Et le vide sous mes pas

Il ne me reste que les cendres  
De mon village plongé dans le  
silence  
Je ne suis qu'une blessure  
Un cœur sans armure  
Comment survivre après ça.

Mais je suis là, je n'oublie pas  
Dans mon village balayé par  
l'histoire  
Et je vis là, n'oubliez pas  
Effacé des cartes et des mémoires

Je me souviens du rire des enfants  
La voix des hommes quand ils  
partaient au champ  
Les fêtes des moissons  
L'odeur dans les maisons  
Les éclats d'amour et de joie

Mais je suis là, n'oubliez pas  
Effacé des cartes et des mémoires

Quand ils sont arrivés  
Cachés derrière leurs armes  
Ils étaient des milliers  
Ils riaient de nos larmes

Ils ont voulu détruire  
Nos croyances et nos âmes  
Avec des mots de haine  
Que l'on n'aurait pas.

Je suis ici ce soir  
Au milieu de ces ruines  
Pour vous parler d'espoir  
Et vous chanter la vie  
Et je fais le serment  
Quand séchera le sang  
De reconstruire ma ville  
Bien plus belle qu'avant.

Mais n'oubliez pas.



**Titill: N'oubliez Pas**

**Flytjandi: Lisa Angell**

**Lag/texti: Laure Izon, M. Albert / Michel Illouz,  
M. Albert**

Frakkar hafa oft sent ballöður sem framlög sín til keppninnar og í ár er það einmitt svo. Lisa Angell er ein af eldri keppendum (46 ára, sem er enginn aldur!) og hefur starfað við tónlist frá barnaldri en þær þrjár plötur sem hún hefur gefið út hafa allar komið út á síðustu fjórum árum. „N'oubliez pas“ þýðir „ekki gleyma“ og er samið af Robert Goldman, sem hefur samið lög fyrir fjölmarga listamenn, t.d. Celine Dion. Lagið er skírskotun til fyrri heimsstyrjaldarinnar og var fyrst flutt á minningarathöfn í nóvember sl. um 100 ára ártíð styrjaldarinnar. Frakkar fengu harðan skell í keppinni í fyrra þegar Twin Twin höfnuðu í síðasta sæti með lagið Moustache, og var það í fyrsta sinn í Eurovision-sögunni sem Frakkar fá slíka útreið. Sama hvað Lisa gerir þá mun hún allavega ekki komast neðar en forverar sínir.

*-Ég hafði nú meira gaman af franska laginu í fyrra.. Twin Twin, það var eiginlega mitt uppáhalds. Þetta lag er ekki minn tebolli en vel flutt engu að síður. Ekkert flipp hjá frökkum í ár...sakna þess.*

*(Heiðar Örn Kristjánsson, meðlimur í Pollapönk og einn fulltrúa Íslands í Eurovision 2014)*

## Warrior

Fighter  
Oximated  
World's gonna get up  
and see  
I'm a warrior  
isolated  
World's gonna listen to me

Violence  
Set it free  
Wings are gonna spread up  
I'm a warrior  
isolated  
World's gonna get up and see

I'm a warrior  
still stuck in my mind  
I've been in danger  
for too long  
No no no  
I'm a warrior  
still stuck in my mind  
I've been in danger for too  
long  
No

Not a shabby  
Or a money maker  
World's gonna light up  
in peace  
Not in shadows  
Bright a little  
Not your fault you're just  
gonna breathe

Violence  
Break me free  
Wings are gonna spread up  
I'm a warrior  
Oximated  
I'm gonna get up and be

(Viðlag endurtekið)



**Titill: Warrior**

**Flytjandi: Nina Sublatti**

**Lag/texti: Nina Sublatti, Thomas G:Son / Nina Sublatti**

Nina Sublatti (20) vann yfirburðarsigur með lagið "Warrior" í undankeppninni heima í Georgíu. Lag og texti er eftir hana sjálfa undir handleiðslu eins af þekktari lagahöfundum Eurovision-heimsins, Thomas G:son. Þar með hefur G:son verið höfundur eða meðhöfundur að 10 lögum í Eurovision en það þekktasta er án alls vafa Euphoria. Þá er framlag Spánverja í ár einnig runnið undan vænum rifjum G:son. Það verða því tvær divur með "Warrior"-lag á sviðinu í Vínarborg, Nina frá Georgíu og Amber frá Möltu. Besti árangur Georgíu er 9. sætið en versti árangurinn kom í fyrra þegar lagið lenti í síðasta sætinu í sínum undanriðli.

*-Ég skil ekki alveg hvað Nina er að fara með þennan texta(i'm a wire?) en lagið er ekki slæmt. Sérstaklega finnst mér takturinn flottur. Georgía keppir í fyrri (lélegri) undankeppni á móti fullt af hægum ballöðum og ætti þá að skera sig út hópnun. Kemst örugglega áfram í úrslit en hitt "Warrior"(frá Möltu) er skárri lag. (Charles Gittins, meðlimur í FÁSES)*

## One Last Breath


My soul  
I guess I'm just no one  
you killed me and I am done  
without a gun  
my light has fade  
I feel betrayed  
just can't be brave  
without faith  
How could you leave?

I'm begging you take me  
wherever you have gone  
come back and save me  
don't want to be alone  
nothing left, I just have  
one last breath

I'm begging you take me  
out of this firing hell  
come back and save me  
what happened wasn't fair  
nothing left all that I have  
is one last breath  
only one last breath

Just pain,  
fake love and drunken lie  
struggle to survive,  
I'm still alive  
I'm fighting  
tears and fears apart  
but still it's dark,  
**Lag/texti: Gabriel Alares, Joakim Björnberg,  
Katrina Noorbergen, Leonid Gutkin, V. Matetsky**

Framlag Rússa var handvalið af rússneska ríkissjónvarpinu, rétt eins og síðustu tvö ár á undan. Þeir hafa ákveðið að bregða ekkert út af vananum og völdu kvenkyns flytjanda og framlag með mikinn boðskap. Að þessu sinni var það hin 28 ára gamla Polina Gagarina sem varð fyrir valinu, en hún er þekkt söngkona, leikkona og fyrirsæta í heimalandinu. Polina er fædd í Rússlandi en fluttist ung að árum til Grikklands þar sem móðir hennar starfaði sem balletdansari, og talar Polina því reiprennandi grísku. Eftir að Polina vann rússnesku hæfileikakeppnina Star Factory árið 2003 fóru hjólin að snúast og hefur hún nú komið á góðum tónlistarferli í Rússlandi. Eftirnafn Polinu ætti að vekja athygli, þar sem hún ber það sama og hinn heimsfrægi geimfari Yuri Gagarin. Sögur fara þó ekki af því hvort hún sé í raun skyld honum.

*-A fairly traditional ballad build-up, with some interesting drums that sets it apart from the ocean of ballads in this year's contest. It follows nicely in the track of last year's peace hymn from Russia, but at least Polina can actually sing. Both she and the song resemble Sweden's entry from last year, and that was a success.  
(Wivian Renee Kristiansen, frá Noregi, meðlimur í FÁSES)*

## Chain of Light

No, I don't wanna dream  
forever of a time when peace  
was more than just a simple  
word. I wanna find a better way  
of living and connect my tears and  
fears with friends, understanding  
and forgiving, must give this world  
a final chance

I can feel life is changin'  
times are rearrangin'  
in so many many ways  
let us try to make the world  
a better place

So light up the candles  
let's illuminate the night  
just light up the candles  
let them shine on deep inside  
build a chain of light for you  
and a chain of light for me  
and believe that we can change  
reality

We've only got one life so let's try  
to make our dreams survive  
Maybe we'll find out that many  
people feel the same  
One's a lonely number but  
together we can make a million  
candles shine forever  
let us build a chain of hearts  
in a world that's blue and dark

(Viðlag)

If we all light a candle  
we could build a chain of light  
if we all walk together  
we will feel the love inside  
it's a chain of hearts for you  
and a chain of hearts for me  
let's create a world that's human,  
fair and bright

If we all light a candle  
we'd illuminate the night  
if we all walk together  
we will feel the love inside

It's a chain of light for you  
and a chain of light for me  
we can build a peaceful world  
let's do it right  
(endurtekið)



**Titill: Chain of Light**

**Flytjendur: Anita Simoncini og Michele Perniola**

**Lag/texti: Ralph Siegel/John O'Flynn**

San Marínó komst í fyrsta skipti upp úr undankeppninni í fyrra, í fimmtu tilraun San Marínó og í þriðju tilraun hinnar góðkunnna Valentínu Monettu. Valentína ákvað þó að taka sér pásu frá Eurovision í ár, en höfundur lagsins, Ralph Siegel, tók sér enga pásu en þetta er í fjórða skiptið í röð sem hann semur lag San Marínó og hvorki meira né minna en tuttugasta og þriðja framlag hans til Eurovision í heildina. Hans þekktasta framlag mun vera þýska sigurlagið frá 1982, Ein bißchen Frieden. Flytjendurnir í ár komast þó í sögubækurnar á sínum eigin forsendum, en þau eru bæði 16 ára og eru þar með yngsti dúett sem hefur nokkurn tímann tekið þátt í Eurovision. Anita og Michele hafa bæði tekið þátt fyrir hönd San Marínó í Junior Eurovision Song Contest, en eru nú mætt á stóra fullorðinssviðið og bíða spennit eftir að flytja framlag sitt í Vín.

*-Glatað. Mörgum lögum troðið í eitt með lélegri  
útkomu. Gamaldags, hallærilslegt og því miður ná  
krakkarnir ekki að bjarga þessu. Bottom 5 hjá mér.  
(Heiður Mariudóttir)*



## Beauty Never Lies

In a shadowy world  
lived a dazzling girl  
Unaware of the light  
she'd imprisoned inside.  
Took a million mistakes  
to lead her to daybreak,  
But she made it through,  
now I know the truth!

Beauty never lies, never hides,  
never gives a damn!  
Beauty never lies,  
no, it cries "Here I am!"  
Finally I can say, yes, I'm  
diff'rent, and it's okay!  
Here I am!

Had to shatter the fears  
laughing in the mirror  
Undermining me,  
now at last I see!

Beauty never lies, never hides,  
never gives a damn!  
Beauty never lies,  
no, it cries "Here I am!"  
Finally I can say , yes, I'm  
diff'rent, and it's okay!  
Here I am!

Beneath the veil of skin the  
heart's entangled in,  
Beauty's embodied!  
Beneath the mask of shame, my  
soul is set aflame!

Beauty never lies, never hides,  
never gives a damn!  
Beauty never lies, no, it cries  
"Here I am!"  
Finally I can say , yes, I'm  
diff'rent, and it's okay!  
Here I am! Here I am!



## Serbía

**Titill: Beauty Never Lies**

**Flytjandi: Bojana Stamenov**

**Lag/texti: Vladimir Graić/ Charlie Mason**

Serbía dró sig úr keppni í fyrra vegna fjárhagsörðugleika, en eftir árshlé eru Serbar mættir fífflefdir til baka. Gengi Serbíu hefur verið frekar gott, en þeir unnu keppnina í fyrstu tilraun sinni sem sjálfstætt ríki, árið 2007. Þeim mistókst þó að komast upp úr undankeppninni 2009 og 2013, en í ár er það í höndum hinnar 29 ára gömlu Bojónu að komast í aðalkeppnina. Bojana hefur sungið frá 7 ára aldri og stundaði seinna nám í gítarleik, lútuleik og miðaldasöng. Hún varð þekkt í Serbíu eftir að hafa komist í úrslit í hæfileikakeppninni Serbia's Got Talent árið 2012 og vann svo hug og hjörtu Serba í forkeppni Eurovision þar í landi í ár. Lagið var upprunalega sungið á serbnesku, undir heitinu Ceo Svet Je Moj, en höfundar lagsins ákváðu að það yrði flutt á ensku í Vín.

*-Boðskapurinn er góður og fallegur sem er frábært. Þetta lag er svona týpískt euro-pop og það getur virkað fyrir marga en persónulega höfðar þetta ekki til mín.*

*(Greta Salóme, söngkona og fulltrúi Íslands í Eurovision 2012)*

## Here For You

When you're down down low  
And there's no place  
you can go...  
When you're down down low  
You know that I am here for you...

You came into my life  
when I was broken  
You heated up my heart  
when it was frozen  
And we got the flow  
Now it's up we go  
And now that it's your turn  
you wanna hide it  
A million times already  
you've denied it  
You don't have to fear  
You don't have to fight

When you're down down low  
Sinking in the undertow  
When you're down down low  
You know that I am here for you  
Cause I know know baby  
All the hurt you never show  
When you're down down low  
You gotta let me heal  
your aching soul

You came into my life  
when I was broken  
You heated up my heart  
when it was frozen  
And we got the flow  
Now it's up we go  
Cause you released my pain  
now let me take it  
Just leave it at the door  
and we can make it  
You don't have to hide  
I am by your side

Everybody else sees in  
black and white  
You look at wrong and make it right  
Can't I open your eyes

(Viðlag)



**Titill: Here For You**

**Flytjendur: Maraaya**

**Lag/texti: Raay, Marjetka Vovk/ Charlie Mason,  
Raay**

Maraaya-dúettinn samanstendur af hjónunum Marjetka og Raay, og er nafn dúettsins einmitt samblanda af nöfnum þeirra beggja. Marjetka starfar sem söngkennari og er útskrifuð úr Ljubljana Academy of Music. Raay er athafnasamur tónlistarpróducent og er einn vinsælasti lagahöfundur Slóveníu í dag. Þau hafa aldrei tekið þátt í forkeppni Eurovision áður, en að eigin sögn ákváðu þau að taka þátt þar sem þeim fannst keppnin orðin svo fjölbreytt og að í henni væri pláss fyrir elektróníska danstónlist, líkt og þau spila. Heimamenn í Slóveníu eru greinilega sammála þeim því að Maraaya unnu slóvensku forkeppnina og eru nú á leið til Vínar. Marjetka hefur vakið athygli fyrir að vera með heyrnartól þegar hún kemur fram, en að hennar sögn byrjaði hún að nota heyrnartólin á sviði til þess að kalla fram sömu stemmingu og hún upplifir þegar hún er í stúdíóinu að taka upp tónlist.

*-Lagið er alveg stórfínt eins og lögin frá Slóveníu eru yfirleitt en þessi rödd fer alveg með mig.*

*Alveg hreint hræðileg raddbeiting. Þessi svakalega ofleikna loftfiðla í myndbandinu gerir ekkert fyrir lagið.*

*(Anna Sigríður, málfarsráðunautur)*

## Amanecer

Se fue sin saber  
Que yo sí lo amé  
Se fue sin creer en mí

Perdí la razón  
Sangré tanto amor  
Que aún, hoy siento el vacío  
Me lleva contigo  
EEEieEEO  
EEEieEEO  
Mi corazón  
Me susurró  
A mí no vuelvas sin su amor

Camino al ayer  
Allá donde esté  
Hoy reto al olvido

Se fue sin saber  
Que yo no me rindo

EEEieEEO  
EEEieEEO  
Mi corazón  
Me susurró  
A mí no vuelvas sin su amor

EEEieEEO  
EEEieEEO  
Devuélveme  
El alma en pie  
Devuélveme el amanecer

Hoy vuelves conmigo..



**Titill: Amanecer**

**Flytjandi: Edurne**

**Lag/texti: Tony Sánchez-Ohlsson, Peter  
Böstrom & Thomas G:son**

Framlag Spánverja var í ár handvalið af spænska ríkissjónvarpinu, TVE. Tveir höfundar lagsins ættu að vera Eurovision-aðdáendum góðkunnugir, en það eru Svíarnir Peter Böstrom og Thomas G:son. Þeir félagar sömdu einmitt sigurlag Svía árið 2012, Euphoria, en ásamt því hefur G:son samið 9 önnur lög í lokakeppni Eurovision, þar af tvö í ár en hann er einnig höfundur georgíska lagsins. Flytjandi spænska lagsins er hin þrituga Edurne og er hún þekkt í heimalandinu sem söng-, leik- og sjónvarpskona. Hún varð þekkt, eins og svo margir aðrir, eftir að hafa tekið þátt í spænskri hæfileikakeppni árið 2005 og hefur í dag gefið út fimm sólóplötur. Edurne segir sjálf að þátttaka hennar í Eurovision sé mikilvægasta verkefni hennar hingað til á ferlinum og verður því spennandi að sjá hvernig þessari spænsku dívu gengur á sviðinu í maí.

*-Amanecer has an easy repeated hook, but I don't find it catchy. It has light and shade, but it doesn't keep my interest. Edurne looks good and live vocals for this song sound good. A recent performance lacked any eye contact with the TV cameras, which won't help at all.*

*(Simon Wells, frá Bretlandi, meðlimur í FÁSES)*

## Adio

Nebo mi te donijelo  
Nebo mi te uzelo  
Još me boli što je boljelo  
Dani su mi zidovi  
Noći su mi okovi  
Još ti služim moja ljubavi

Još te ne dam maglama  
sa planina  
Još te ne dam vodama  
iz dubina  
A ti kažeš pusti me,  
živ mi bio  
Zaboravu predaj me,  
sad adio

Procvjetao ruzmarin,  
savio se bijeli krin  
meni sve na tugu miriše  
Probam da zaboravim,  
da na tebe ne mislim  
Al za tobom srce uzdiše

Još te ne dam maglama  
sa planina  
Još te ne dam vodama  
iz dubina  
A ti kažeš pusti me,  
živ mi bio  
Zaboravu predaj me,  
sad adio

Na,na,naj,na na....

Još te ne dam maglama  
sa planina  
Još te ne dam vodama  
iz dubina  
A ti kažeš pusti me,  
živ mi bio  
Zaboravu predaj me,  
sad adio



# Svartfjallaland

**Titill: Adio**

**Flytjandi: Knez**

**Lag/Texti: Željko Joksimović / Mariana**

**Tucaković & Dejan Ivanović**

Tilkynnt var um flytjanda svartfellska framlagsins í október í fyrra og var það hinn 47 ára gamli Knez sem var handvalinn af svartfellska ríkissjónvarpinu. Við þurftum þó að bíða fram í mars til að fá að heyra lagið sem Knez mun flytja fyrir hönd Svartfellinga. Knez er fæddur og uppalinn í Svartfjallalandi en býr núna á Belgrad í Serbíu. Hann á að baki langan tónlistarferil þar sem hann hefur gefið út tíu sólóplötur og er einn af þekktustu tónlistarmönnum svæðisins. Höfundur lagsins er enginn annar en hinn serbneski Željko Joksimović, en hann hefur tvisvar sinnum keppt fyrir hönd Serbíu, 2004 og 2012 þar sem hann var höfundur lagsins í bæði skiptin. Hann samdi líka framlag Bosníu 2006 og Serbíu 2008 ásamt því að hafa verið annar kynnanna þegar keppnin var haldin í Serbíu 2008. Það er því víst að Knez mun hafa reynslubolta með sér í ferðalaginu til Vínar.

*-One of my favorite songs this year. It is a typical high quality Eastern European song and surprisingly the only one in the competition this year. I like the fact it will be sung in Montenegrin which adds even more charm to it. To my opinion, it will surely make it to the final thanks to its uniqueness.*

*(Bastien Venturi, frá Frakklandi, meðlimur í FÁSES)*



## Time to Shine

I've been walking  
in the darkness  
Always hiding  
from my true self  
Afraid of letting go,  
of deception in their eyes  
A wounded ego,  
unafraid to start a fight

I've been walking  
on a lonely road  
So many stories  
I have once been told  
No matter what they say  
I will follow my heart  
I think it's time for me to stand up  
and hold my ground

'Cause I'm living my dreams, I've  
never been so alive  
The sky's the limit  
now that I know I can fly  
No more pulling me down,  
no more mucking around  
I'm growing up,  
and it's my time to shine

It doesn't matter  
if I'm wrong or right  
I'm getting stronger  
everytime I try  
I've learnt to let it go,  
taking one step at a time  
I've mend my ego, now it's time  
for me to let it shine

(Viðlag)

It's my time to shine  
I've been walking  
in the darkness  
Always hiding  
from my true self  
I've learnt to let it go,  
I've learnt to let it go,  
I've learnt to let it go  
Now it's my time to shine

(Viðlag)



**Titill:** Time to Shine

**Flytjandi:** Mélanie René

**Lag/texti:** Mélanie René

Eins og allir Eurovision-aðdáendur ættu að vita var Sviss fyrsta landið til að vinna keppnina árið 1956. Annað sem allir aðdáendur ættu að vita er að þegar landið vann síðast, árið 1988, var það hin kanadíska Céline Dion sem flutti framlag Sviss. Svisslendingar hafa því verið að bíða í þó nokkurn tíma eftir næsta sigri, en gengi þeirra hefur verið heldur brösugt á síðustu árum. Í ár binda Svisslendingar vonir sínar við hina 24 ára Mélanie René, sem bæði flytur og semur framlag þeirra í ár. Mélanie á ættir sínar að rekja til afríska eyríkisins Míritíus, en er fædd og uppalin í Sviss. Hún hefur stundað nám í tónlist bæði í Sviss og Bretlandi, en hún samdi einmitt lagið Time to Shine á meðan dvöl hennar í Bretlandi stóð.

*-It seems every year we need a 'shine' and this year is Switzerland's 'time to shine'. Except it doesn't shine, it just kind of glistens in the background hoping to be noticed. It's a nice song, but lacks a hook to enable it to stand out. Borderline qualifier.*

*(Joe Sansom, frá Bretlandi, meðlimur í FÁSES)*

## Heroes

Don't tell the gods  
I left a mess  
I can't undo what  
has been done  
Let's run for cover  
What if I'm the only hero left  
You better fire off your gun  
Once and forever  
He said go dry your eyes  
And live your life like there is no  
tomorrow, son  
And tell the others  
To go sing it like a hummingbird  
The greatest anthem ever heard:

We are the heroes of our time  
But we're dancing with the demons  
in our minds...  
We are the heroes of our time  
Hero-uh-o-o-oes  
O-uh-o-o-oh  
We're dancing with the demons in  
our minds  
Hero-uh-o-o-oes O-uh-o-o-oh

The crickets sing  
a song for you  
Don't say a word,  
don't make a sound  
It's life's creation  
I make worms turn i  
nto butterflies  
Wake up and turn this  
world around  
In appreciation  
He said I never left your side  
When you were lost I followed right  
behind  
Was your foundation  
Now go sing it like a hummingbird  
The greatest anthem ever heard:

(Viðlag)

Go sing it like a hummingbird  
The greatest anthem ever heard  
Now sing together...

(Viðlag)



## Svíþjóð

**Titill:** Heroes

**Flytjandi:** Måns Zelmerlöw

**Lag/texti:** Linnea Deb, Joy Deb, Anton Hård af Segerstad

Forkeppnin í Svíþjóð, Melodifestivalen, ætti að vera íslenskum FÁSES-meðlimum góðkunnug, enda er keppnin ein glæsilegasta forkeppni sem finnst í heimi Eurovision. Í ár var það hinn 28 ára Måns Zelmerlöw sem vann herlegheitin. Måns er enginn nýgræðingur þegar kemur að Melodifestivalen, en hann lenti í þriðja sæti árið 2007 og fjórða sæti árið 2008 og var svo einn af kynnum keppinnar árið 2010. Í ár er hann loksins á leið á stóra sviðið og mun flytja framlag sitt Heroes fyrir hönd Svía í þeirri von að viðhalda góðu gengi Svía síðustu árin. Fyrir utan þátttöku sína í Melodifestivalen er Måns þekktur í heimalandinu meðal annars fyrir að hafa unnið danskeppnina Let's Dance, fyrir hlutverk sín í Grease og Rómeó og Júlíu og sem sjónvarpskynnir.

- Þetta er mikið anthem-lag og kemur það meira segja fram í textanum. [...] Þetta lag er afskaplega grípanði og fínt popplag. Það er öllu tjaldað í útsetningu og sviðssetning á lifandi flutningi er mjög nýstárlegur. [...] Lagahöfundar og útsetjarar eru með öll trixinn í mixbókinni, það er rólegur kafli og ris og verður allt vitlaust, gæsahúð og allt. Sænskum lögum er oft spáð velgengni og það er ekki að ástæðulausu og ég býst við að þetta verði ofarlega í keppninni.  
(Pétur Örn Guðmundsson, söngvari og lagahöfundur)

## Hope Never Dies

Wait for me  
don't cross the sea of pain  
Wait for me  
I'm lost I've gone astray  
Ravens calling my name,  
their wings so dark  
Soon they'll take me away,  
I have their mark  
They never miss their prey

There is no light to pray for  
Cold and dim are the skies  
Wounded lying  
Running out of life  
In your eyes I could see  
Our hopes and our future  
Now we must let go

Find me where the night  
turns into day  
Your love as a torch  
shows us the way  
How to be whole again

There is no light to pray for  
Cold and dim are the skies  
Wounded lying  
Running out of life  
In your eyes I could see  
Our hopes and our future  
Now we must let go  
Must let go,  
must let fade away  
Or we can rise and fight

For a light to live for  
Fire in our hearts  
Through our pain  
Through all the lies  
We will walk, walk reborn  
Hope never dies  
Never let me go



## Tékkland

**Titill:** Hope Never Dies

**Flytjendur:** Marta Jandová & Václav Noid Bárta

**Lag/Texti:** Václav Noid Bárta / Tereza Šoralová

Margir Eurovision-aðdáendur fögnuðu þegar tilkynnt var um endurkomu Tékka í Eurovision, enda er alltaf gaman að fá fleiri lönd til að taka þátt. Tékkar tóku fyrst þátt 2007 og voru með 2008 og 2009, en drógu sig úr keppni eftir það. Gengi Tékka hefur þó ekki verið neitt til að státa sig af, en þeir hafa fengið samtals 10 stig í þremur tilraunum og meira að segja verið eina landið sem hefur fengið núll stig eftir að undankeppnirnar voru teknar upp. En með von um mun þetta gengi en áður munu Marta og Václav mæta galvösk til leiks í maí. Václav er þekktur söngvari og lagahöfundur í heimalandinu. Marta fluttist ung að árum til Þýskalands með fjölskyldu sinni og hefur hún komið sér upp tónlistarferli bæði þar í landi og í heimalandi sínu Tékklandi.

*-A wanna-be hard rock ballad, sung by a hunky Nickelback aspirant in dire need of some English-lessons in a duet with a breasty ex-superstar judge. Not so sure this battle of voices will work. But Hope never dies.*

*(Kat R, frá Svíþjóð og meðlimur í FÁSES)*

## Wars For Nothing

Do you know  
our earth is a mess  
All the wars for nothing,  
it never ends  
Everybody deserves a chance  
All the souls, all the souls,  
can you hear them cry?

That you live in peace  
does not mean  
It's okay to ignore all the pain  
I see children joining the stars  
Soldiers walk towards the  
dark, let me ask

Can you justify all the eyes  
That will never see daylight  
Give me one good  
reason to hurt  
A helpless soul,  
break a heart, kill a mind.

Do you know  
how many innocents  
Are hiding from punishment  
For crimes they'd  
never commit  
All alone, all alone,  
do they deserve

To die for believing  
something else,  
For having a face someone  
can't stand  
Do you know  
our earth is a mess  
All the wars for nothing,  
it never ends  
All the souls, all alone,  
hold them tight  
All the souls, deserve a  
chance at life



**Titill: Wars for Nothing**

**Flytjandi: Boggie**

**Lag/Texti: Áron Sebestyén & Boglárka Csemer/  
Sára Hélène Bori**

Ungverjar voru með mikla forkeppni þar í landi sem samanstóð af þremur riðlum, tveimur undankeppnum og einni lokakeppni. Þegar öllu var lokið var það hin 28 ára gamla Boggie sem stóð uppi sem sigurvegari með friðarsönginn sinn Wars for Nothing, en hún sigraði meðal annars fyrrum Eurovision-keppandann Kati Wolf, sem tók þátt fyrir hönd Ungverjaland árið 2011. Boggie gaf út sína fyrstu sólóplötu árið 2013 og árið 2014 komst plata hennar meðal annars í 3. sæti á Billboard jazz-listanum og varð Boggie frekar þekkt utan landsteinanna í kjölfarið. Sem jazz-flytjandi hefur hún meðal annars komið fram á Jazz Sur Seine-hátíðinni í París ásamt því að hafa komið fram í New York, Frankfurt, München og í Hollandi. Boggie heitir í raun Boglárka, en ákvað að notast við gælunafn sitt sem listamannsnafn þar sem það væri auðveldara að notast við það erlendis.

*-Æ nei, nú kikkar inn þínu ofnæmi fyrir friðarboðskap í Eurovision... En ég held þó að lagið muni ná athygli í einfaldleika sínum og fara í úrslit.  
(Lovísa Árnadóttir)*



## Black Smoke

When you look at me, you  
know you're hard to read.  
Because the face I see  
is not the one I know  
And when you call me baby,  
what's that supposed to mean  
I don't know who you are, how  
long can we pretend

See the change I know we both  
don't have the heart to say  
Can't return to what we were, it  
will never be the same

Cause you said you'd  
never let me go  
And I said I can't  
but now we know that it's  
Too hard to say three words  
Too hard to make it work  
When there's nothing left  
to talk about  
Cause you know the flame  
is running out  
Two hearts are left to burn  
Do you know,  
we're only left with smoke

Black smoke, we're only left  
with smoke, black smoke

I tried to tell myself,  
that it's all in my head  
But the truth remains  
we're just too far apart.  
You know we're fooling  
ourselves if we hold on,  
Cause were fighting for  
something that we don't want  
Just leave it now  
and walk away

(Viðlag)



**Titill: Black Smoke**

**Flytjandi: Ann Sophie**

**Lag/texti: Michael Harwood, Ella McMahon,  
Tonino Speciale**

Þjóðverjar fá eflaust dramaverðlaun ársins þegar kemur að vali á framlagi sínu. Eftir mikla og spennandi forkeppni var það fyrrum The Voice-sigurvegariinn Andreas Kümmert sem stóð uppi sem sigurvegari með lag sitt Heart of Stone. Andreas tók sig hins vegar til og afþakkaði titilinn í beinni útsendingu og eftir mikið fát var Ann Sophie úrskurðuð sem sigurvegari, því að hún hafði lent í öðru sæti. Það verður því í höndum hinnar 24 ára gömlu Ann Sophie að halda uppi heiðri Þýskalands í Vín í maí. Ann Sophie er fædd í London, en fluttist ung að árum með þýskum foreldrum sínum til Hamborgar þar sem hún eyddi barnsárum sínum. Ann Sophie var tiltölulega óþekkt í heimalandi sínu fyrir þátttöku sína í þýsku undankeppninni, en er núna eflaust búin að stimpla sig rækilega inn í tónlistarlífið í Þýskalandi.

*-Ég skil vel að þetta lag hafi ekki unnið forkeppnina í Þýskalandi. Mér finnst þetta óttalega klént. Verið að reyna að lauma inn einhverjum Bond-áhrifum því það virkaði í fyrra og söngkonan rosalega klemmd og óörugg. Trúi því ekki að þetti endi ofarlega. En hvað veit maður?*

*(Haukur Heiðar, söngvari og þátttakandi í Söngvakeppni Sjónvarpsins 2015)*

# Stigatafla FÁSES 2015


Hver er bestur í þinni fjölskyldu eða vinahóp að spá fyrir um gengi laga í Eurovision? Hakaðu við þau lönd sem þú heldur að komist áfram og láttu vini eða fjölskyldu líka taka þátt. Þú færð 1 stig fyrir hvert land sem kemst áfram.

## Fyrri undankeppni - 19. maí

	A	B	C	D
 Moldóva	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Armenía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Belgía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Holland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Finnland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Grikkland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Eistland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Makedónía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Serbía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Ungverjaland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Hvíta-Rússland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Rússland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Danmörk	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Albanía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Rúmenía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Georgía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Samtals rétt:

## Seinni undankeppni - 21. maí

	A	B	C	D
 Litháen	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Írland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 San Marínó	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Svartfjallaland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Malta	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Noregur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Portúgal	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Tékkland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Ísrael	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Lettland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Aserbaídsjan	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Ísland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Svíþjóð	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Sviss	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Kýpur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Slóvenía	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
 Pólland	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Samtals rétt:

### Leikmenn:

A:

C:

B:

D:

### Stigagjöf í úrslitakeppni:

Fylltu inn nöfn landanna í listann þegar keppnisröð er komin á hreint. Skrifaðu svo í hvaða sæti þú heldur að hvert land lendi.

-Eitt stig fæst fyrir hvert rétt sæti.

-Eitt stig fæst fyrir hvert land sem þú spáir í topp 10 og endar í topp 10 í úrslitakeppninni.

### Úrslitakeppni - laugardaginn 23. maí kl. 19

	A	B	C	D		A	B	C	D		
1.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	15.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	16.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	17.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	18.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
5.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	19.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
6.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	20.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
7.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	21.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
8.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	22.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
9.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	23.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
10.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	24.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
11.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	25.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
12.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	26.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
13.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	27.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
14.	<input type="text"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>						

### Heildarstig leikmanna:

Fjöldi stiga úr fyrri forkeppni.....

Fjöldi stiga úr seinni forkeppni.....

Fjöldi stiga fyrir rétt sæti í úrslitakeppni.....

Fjöldi stiga fyrir lönd í topp 10 í úrslitakeppni.....

Samtals stig:



**NÝ ÍSLENSK GAMANÞÁTTARÖÐ**

**DREKA  
SVÆÐIÐ**

**FÖSTUDAGA Á RÚV**

 **RÚV**